

69. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 18. apríl 2005, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Þorbergur Bæringsson, Þorgrímur Kristinsson, Guðbrandur Björgvinsson, Dagný Þórisdóttir, Helgi B. Haraldsson, Bjarnfríður Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

DAGSKRÁ

1. Deiliskipulagsbreyting af miðbæjarsvæði og svæði við Laufásveg.. Breytingin var í auglýsingu frá 18. febrúar til 1. apríl.
Deiliskipulagsbreyting ásamt umsögn við athugasemdum samþykkt með fyrirvara um auglýsingu og gildistöku á aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar dags. 31.01.2005, í Stjórnartíðindum.
2. Deiliskipulagstillaga af leikskóla og parhúsum við Tjarnarás. Tillagan var í auglýsingu frá 18. febrúar til 1. apríl.
Deiliskipulagstillaga ásamt umsögn við athugasemdum samþykkt með fyrirvara um auglýsingu og gildistöku á aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar dags. 31.01.2005, í Stjórnartíðindum.
3. Fyrir hönd eigenda Reitarvegs nr. 2 sækir Jon Nordstein um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og viðgerðir/endurbætur utanhúss samkvæmt teikningum Ólöf & Jon ehf, maí 2005. Samtals 12.0 m², 29.0 m³.
Erindi samþykkt. Gjald kr.....
4. Haraldur Sigurðsson, Bókhöðustíg 10 sækir um lóðarstækkun til norðurs og að byggja bílskúr samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Stefánssyni arkitekt dags. 13.05.05. Samtals.....m².....m³.
Erindi frestað.
5. Daði Jóhannesson sækir um að endurnýja klæðningu á skúr við Silfurgötu 10 A, ásamt að bæta við tveimur gluggum á austurhlið húsanna samkvæmt bréfi dags. 6. maí 2005.
Erindi samþykkt. Gjald kr. 3000.-
6. Fyrirspurn frá Hrafnkeli Alexanderssyni Höfðagötu 15 um að stækka bílskúr og færa glugga á gafli yfir á hlið íbúðarhúss samkvæmt tillöguteikningu 9. maí 05.
Jákvætt, samþykki eigenda aðliggjandi lóðar þarf að liggja fyrir áður en að byggingarleyfisumsögn er lögð fram.

7. Leifur Þór Ingólfsson og Sigurlaug Guðný Þórarinsdóttir Skúlagötu 12 óska eftir leyfi til að staðsetja heitan pott við norðvesturhorn hússins.
Samþykkt, enda verði frágangur á potti í samræmi við byggingarreglugerð. Gjald kr. 3000.-
8. Tómas M. Bragason Skúlagötu 11 óskar eftir leyfi til að rífa bílskúr og byggja annan í sömu stærð sem verður bárujárnsklæddur.
Samþykkt. Gjald kr. 3000.-
9. Kári P. Ólafsson og Hugrún Birgisdóttir óska eftir að byggja bílskúr að Silfurgötu 24 samkvæmt bréfi dags 6.5.05, samkvæmt áður samþykktum teikningum.
Erindi samþykkt.
10. Lagðar fram tillögur A og B á staðsetningu á sparkvelli við íþróttasvæði.
Mælt er með tillögu A.
11. Skipavík sækir um leyfi til að byggja parhús við Tjarnarás 6-8 ásamt graftarleyfi fyrir parhúsum við Tjarnarás samkvæmt teikn. dags. 4.04.05.
Samtals.....m².....m³.
Nefndin veitir graftarleyfi, en byggingarleyfi er samþykkt með fyrirvara á gildistöku deiliskipulags.
12. Lagt fram bréf frá Skipavík þess efnis að félagið óskar eftir viðræðum um skipulag og uppbyggingu hverfis sunnan við Flatahverfi samkvæmt bréfi móttakið 21.3.05. Bréfi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.
Nefndin tekur jákvætt í erindið og mælt er með að fram fari viðræður um hugmyndir Skipavíkurmanna.
13. Pétur Kristinsson sækir um lóðir fyrir um 10 til 20 smáhýsi í tengslum við tjaldsvæði samkvæmt erindi dags. 11. maí 05. Bréfi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.
Erindi frestað.
14. Hótel Stykkishólmur /Pétur Geirsson sækir um að bæta við 4. og 5. hæðunum ofan á viðbyggingu við hótel Borgarbraut 8, samkvæmt teikningum eftir Teiknistofu Vesturlands, dags. 6.05.05. Samtals 873.4 m², 2987.4 m³.
Erindi frestað.
15. Gunnar Jónsson Bókhöðustíg 15 spyr fyrir um að staðsetja fjárhús við nýrækt samkvæmt yfirlitsmynd.
Erindi vísað til umsagnar Nýræktarfélagsins.

16. Önnur mál.

16.a. Ólafur Guðmundsson og Páll Vignir Þorbergsson sækja um landsvæði fyrir smáhúsubyggð við Langás samkvæmt bréfi dags. 13. maí 2005.

Erindi frestað.

16.b. María Inga Hannesdóttir óskar eftir leyfi fyrir endurbótum á þaki, hækka þak og að endurbyggja og stækka forstofu húss að Silfurgötu 27, samkvæmt teikningum frá Sveini Ívarssyni arkitekt dags 12. apríl 2005. Samtals 9m², 29.4m³.

Samþykkt. Gjald kr.....

16.c. Eigendur Fimm Fiska, Frúarstíg 1/ Sumarliði Ásgeirsson falast eftir álit nefndarinnar á fyrirhugaðri stækkun á húsinu samanber tillöguteikningar frá 11.03.01.

Jákvætt, í samræmi við skipulag.

16.d. Klæmint S. Antoniussen Vallarflöt 3 óskar eftir að byggja sólpall og leyfi fyrir heitum potti samanber bréf og teikningu 24.04.05.

Samþykkt. Frágangur á potti verði í samræmi við byggingarreglugerð. Gjald kr. 3000.-

16.e. Lionsklúbbur Stykkishólms/Guðmundur Kristinsson óskar eftir umsögn nefndarinnar á leyfi til að setja upp ljósaskilti með veðurupplýsingum. Óskað er eftir staðsetningu við Aðalgötu innan íþróttasvæðis sbr. bréf.

Tekið er jákvætt í erindið en óskað er umsagnar æskulýðs- og íþróttanefndar.

16.f. Guðmundur Jón Amlín Smiðjustíg 2a sækir um að einangra hús að utan og klæða með báujárni og stení plötum , einnig að skipta um glugga og setja svalir á húsið sbr. teikningu frá Brynjari Davíðssyni dags. mars 05.

Erindi samþykkt með fyrirvara um að svalir verði innan lóðarmarka og að fyrir liggja samþykki eigenda Smiðjustígs 2 fyrir framkvæmdunum.

16.g. Fyrirspurn frá Ægi Jóhannssyni um fyrirhugaða stækkun á Skólastíg 18, samanber tillöguteikningar og bréf dags. 18. 05.05.

Tekið er jákvætt í erindið með fyrirvara á grenndarkynningu.

16.h. Daði Jóhannesson Silfurgötu 10 sækir um að klæða hús og færa það í upprunalegt horf..

Erindi samþykkt. Gjald kr. 3000.-

16.i. Lagt fram bréf Umhverfisstofu frá 15. apríl 2005, um auglýsingar utan þéttbýlis.

Bréf lagt fram og kynnt.

16.j. Rætt var um möguleika á því að reitur J samkvæmt miðbæjarskipulagi verði nýttur undir opið svæði, í stað lóðar undir íbúðarhús og tekur nefndin tekur jákvætt í það.

Fleira var ekki rætt.
Fundu slitið kl. 20:10

Dagný Þórisdóttir vék af fundi milli liða 16.e. og 16.f.

Gretar D. Pálsson (sign) Þorbergur Bæringsson (sign)
Þorgrímur Kristinsson (sign) Guðbrandur Björgvinsson (sign)
Helgi Haraldsson (sign) Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

B.V.